

**Niðurstaða forsendunefndar Reykjavíkurborgar
og hlutaðeigandi aðildarféлага ASÍ, BHM, BSRB og KÍ¹ vegna
kjarasamninga aðila frá 2011**

Viðbrögð við breytingu kjarasamninga á almennum markaði.

Í kjarasamningum Reykjavíkurborgar og stéttar- og verkalyðsfélaga innan ASÍ, BHM, BSRB og KÍ, sem gerðir voru á árinu 2011, eru ákvæði um forsendunefnd aðila og skipan þeirra.

Þar sem breytingar á kjarasamningum á almennum markaði liggja fyrir samkvæmt samkomulagi milli ASÍ og SA um endurskoðun og framlengingu kjarasamninga aðila var forsendunefnd Reykjavíkurborgar og ASÍ, BHM, BSRB og KÍ kölluð saman þann 18.2.2013.

Forsendunefndin er sammála um eftirfarandi viðbrögð vegna breytinga á kjarasamningum á almennum markaði:

Stytting samningstíma – flýting viðræðna um nýjan kjarasamning.

Gildistími einstakra kjarasamninga aðila er mismunandi. Samningsaðilar eru hins vegar sammála um að stytta samningstíma gildandi kjarasamninga um sem nemur tveimur mánuðum.

Viðbótarframlag í fræðslusjóði/starfsmenntasjóði eða styrktarsjóði/sjúkrasjóði.


Aðilar eru sammála um að framlög til annað hvort fræðslusjóða/starfsmenntasjóða eða styrktarsjóða/sjúkrasjóða hækki í áföngum um 0,1% eigi síðar en 1. janúar 2015, sem útfært verður nánar í næstu kjarasamningum.

Bætt vinnubrögð við samningagerð.

Samningsaðilar taka þátt í sameiginlegri vinnu aðila vinnumarkaðarins um bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga.

Reykjavík, 18. febrúar 2013

F.h. ASÍ



F.h. Reykjavíkurborgar




F.h. BHM



Guðfinnur Þórs Newmann
Kjartan Einarsson

F.h. BSRB



F.h. KÍ



¹ v. SÍ, FSL, FT og FL